

Miðvikudaginn 24. nóvember 1976.

Nr. 22/1975. **Paul R. Smith**

(Gylfi Thorlacius hdl.)

gegn

Íris Guðnadóttur

(Brynjólfur Kjartansson hdl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.**

Hjónaskilnaður. Ógilding skilnaðarskilmála. Mál-
flytjendur. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. febrúar 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefnda fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 27. ágúst 1976.

Stefnda hefur í málflutningi sínum eigi vefengt það ákvæði í skilnaðarskilmálum, er varðar forræði barna, og ber að skýra kröfur hennar samkvæmt því.

Málsaðiljar fengu leyfi til lögskilnaðar 16. september 1975. Var frá því skýrt í málflutningi í Hæstarétti, að búi þeirra hafi verið vísað til meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur vegna fjárskiptanna.

Stefnda undirritaði eigi svonefnda skilnaðarskilmála málsaðilja um fjárskipti og lífeyri o. fl., er greinir í héraðsdómi. Hvorki er sannað, að hún hafi veitt hæstaréttarlögmanni þeim, er málsaðiljar leituðu til, sérstakt umboð til undirritunar þeirra né að hæstaréttarlögmaðurinn hafi haft til þessa umboð samkvæmt stöðu sinni. Verður eigi á það fallist, að ákvæði 4. gr. laga nr. 61/1942 eigi hér við, og eigi verður því beitt fyrir lögjöfnun. Samkvæmt þessu ber að taka til greina

kröfu stefndu um, að skilnaðarskilmálar málsaðilja um fjárskipti og lífeyri, sem mál þetta fjallar um, verði dæmdir óskuldbindandi fyrir hana.

Áfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 140.000 krónur og renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins í héraði og gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, samtals 130.000 krónur.

Í héraðsdómi eru greind ýmis atriði, er eigi hafa þýðingu um úrlausn málsins.

D ó m s o r ð :

Framangreindir skilnaðarskilmálar málsaðilja um fjárskipti og lífeyri eru eigi skuldbindandi fyrir stefndu, Íris Guðnadóttur.

Áfrýjandi, Paul R. Smith, greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 140.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, samtals 130.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. maí sl., hefur Brynjólfur Kjartansson héraðsdómslögmaður, Vesturgötu 17, Reykjavík, höfðað f. h. Írisar Guðnadóttur, Dvergabakka 24, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, með ódagsettri áritun um birtingu, gegn Paul Ragnari Smith, Lynghaga 11, Reykjavík, til riftunar á skilnaðarskilmálum, sem lagðir voru fram við umsókn stefnanda um skilnað að borði og sæng við stefnda, en leyfi til skilnaðar að borði og sæng

milli stefnanda og stefnda hafi verið veitt hinn 29. desember 1972. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur gert þær kröfur, að skilnaðarskilmálinn frá 29. desember 1972 standi óbreyttur, jafnframt krefst stefndi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. maí 1973, var stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu.

Við munnlegan máflutning gerði lögmaður stefnanda kröfu um málskostnað úr hendi stefnda skv. taxa LMFÍ, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Ítrekað hefur verið leitað um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst á þá leið, að stefnandi og stefndi hafi gengið í hjónaband 21. apríl 1962. Þau hafi eignast saman tvo syni, Guðna R. Smith, fæddan 3. febrúar 1961, og Erling Smith, fæddan 2. maí 1964. Um mánaðamótin júní/júlí 1972 hafi hjónin slitið samvistir og hafi maðurinn farið að heiman og síðan búið hjá föður sínum.

Stefnandi hafi búið áfram ásamt sonum þeirra í sameiginlegri íbúð hjónanna og hafi þá strax gert reka að því að fá skilnað að borði og sæng frá stefnda, en stefndi hafi verið tregur til og fyrir þrábeiðni stefnda hafi ákvörðun um skilnað verið frestað til í desember 1972. Ólafur Ragnarsson hæstaréttarlögmaður hafi boðið þeim hjónum að ganga frá lagalegum atriðum varðandi skilnaðinn og hafi þau hjónin leitað til hans. Hafi nú staðið í þjarki um skilnaðarskilmálana og hafi stefnanda þótt kjör þau, sem henni voru boðin, mjög ósanngjörn og hafi alls ekki verið tilbúin að ganga að þeim nema eftir nánari yfirvegun. Hafi hún því beðið Ólaf Ragnarsson hæstaréttarlögmann um uppkast að skilnaðarskilmálunum. Hann hafi þá spurt hana, hvort hann ætti ekki að sækja um skilnað fyrir hana, og hafi stefnandi játað því, en henni hafi ekki verið gert ljóst, að nauðsynlegt væri að ganga frá skiptingu eigna og öðrum skilnaðarkjörum, áður en skilnaðarleyfið væri gefið út.

Í janúar 1973 hafi stefnandi orðið þess vör, að skilnaðarleyfi hafi verið gefið út á grundvelli kjara, sem hún hafi aldrei samþykkt. Hafði þá Ólafur Ragnarsson hæstaréttarlögmaður undirritað samninginn fyrir hennar hönd og farið síðan ásamt stefnda á fund fulltrúa yfirborgardómara, Hólmfríðar Snæbjörnsdóttur, og fengið útgefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 4 leyfisbréf til

skilnaðar að borði og sæng fyrir þau Íris Guðnadóttur og Paul Ragnar Smith, útgefið af Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík. Leyfisbréfið er dags. 29. desember 1972.

Í leyfisbréfinu segir, að konan hafi forræði barna þeirra hjóna og að maðurinn greiði með þeim meðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, frá 1. janúar 1973 til fullnaðs 17 ára aldurs hvors þeirra. Hvorugt greiði hinu lífeyri og að samkomulag sé um skiptingu eigna skv. viðfestum samningi.

Á dskj. nr. 5 er ljósrit af skilnaðarskilmálum. Þar segir svo: „Við undirrituð hjón Paul R. Smith, Lynghaga 11, Reykjavík, og Íris Guðnadóttir, Dvergabakka 24, Reykjavík, sem höfum ákveðið að skilja að borði og sæng, höfum af því tilefni komið okkur saman um eftirfarandi skilnaðarskilmála:

Forræði barna:

Konan hafi forræði barna okkar Guðna, f. 3. febrúar 1961, og Erlings, f. 2. maí 1964, og greiðir maðurinn með þeim meðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, til fullnaðs 17 ára aldurs þeirra, frá 1. janúar 1973.

Eignaskipti:

Samkomulag er um skiptingu eigna búsins þannig:

Íris greiði: Paul greiði:

Vegna I Bifreiðarinnar R 20215, sem er Opel Rekord Station, árg. '67	115.000.00
II Innbú (hefur þegar verið skipt til helminga)	0.00
III Skatta — Konan greiðir helming skatta vegna skatttímabilsins 1. 7.–31. 12. '72, þ. e. kr. 121.003.00 : 2 = 60.502.00. Hún greiðir upphæðina þannig: Gjaldheimtunni kr. 30.250.00, en manningum 30.252.00	30.252.00
Skattar v. tekjutímabilsins 1. 1.–1. 7. '73 eru óuppperðir.	
IV Dvergabakka 24 — konan býr áfram í íbúðinni en skal rýma hana 1. júní n. k., enda verði hún seld fyrir þann tíma. Kostnaður vegna íbúðarinnar skiptist þannig:	

	Íris greiði:	Paul greiði:
A. 1. Húsaleiga 1. 7. '72-1. 6. '73	34.500.00	
2. Gr. 4. 7. '72 símakostn.	2.008.00	
3. Fasteignaskattar		3.900.00
Fsk. v. 1. 1.-1. 7. '73 er óuppgerður.		
4. Uppgjör vegna Húsfélagsins fer fram við íbúðarsölu.		
B. Afb. og vextir. Aðilar greiði til helminga jafnóðum og afborganir falla, en afb. falla þannig:		
9. des. s.l., kr. 23.366.00 (Líf.sj. Fl.v.)		
1. maí n.k. ca. 30.000.00 (m.v. veðd.)		
30. maí n.k. kr. 13.334.00 (Lífsj. v.m.)	0.00	0.00
Íbúðarandvirðið skiptist til helminga við sölu.		
V. Laun v. júnímánaðar sl.		31.864.00
VI. Meðlag með 2 börnum 1. 7.-31. 12. '72 (2×6×3.707.00) + mæðralaun (6×3.000.00) = 62.484.00. Maðurinn hefur þegar greitt kr. 68.000.00	5.516.00	
Mismunur	78.488.00	
	<hr/>	
	150.764.00	150.764.00

Skuld mannsins kr. 78.488.00 greiðist við sölu íbúðarinnar, en miðað skal við, að hún verði seld við fyrsta besta tækifæri, enda skal hún laus til afhendingar eigi síðar en 1. júní n.k.

Lífeyrisgreiðslur:

Samkomulag er um, að lífeyrir fyrir konuna falli niður.

Reykjavík, 29. desember 1972.

F. h. Írisar Guðnadóttur

Ól. Ragnarsson, hrl. e.u.

Paul R. Smith“.

Hinn 8. janúar 1974 bað lögmaður stefnanda um að dómkveðja matsmenn til að meta til peningaverðs innbú hjónanna, Pauls Ragnars Smiths og Írisar Guðnadóttur, eins og það var við skilnað þeirra að borði og sæng hinn 29. desember 1972. Og voru þeir Árni Jónsson húsgagnaarkitekt og Trausti Thorberg Óskarsson kaupmaður dómkvaddir sem matsmenn hinn 9. janúar 1974.

Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu matsgerð 25. febrúar 1974. Í matsgerðinni segir svo m. a.:

„Matið fór fram þann 29. janúar 1974 að Dvergabakka 24, að viðstöddum þeim Paul Ragnari Smith, Írisi Guðnadóttur, Gústafi Þór Tryggvasyni hdl. og Brynjólfi Kjartanssyni hdl. Auk þeirra var viðstaddur bróðir Írisar.

Að beiðni aðila var innbúið metið í tvennu lagi, þ. e. annars vegar þeir munir, er voru í vörzlu Írisar, en hins vegar munir í vörzlu Paul Ragnars. Samkomulag varð um að taka ekki til mats húsgögn og bækur barna þeirra.

I. Munir í vörzlu Írisar Guðnadóttur í íbúð, kjallarageymslu og þvottahúsi voru sem hér segir: Húsgögn, sjónvarp, lampar, bækur, skrautmunir, borðbúnaður, eldhúsáhöld, ísskápur, ryksuga, prjónavél, saumavél, þvottavél o. fl.

Mat okkar: Verðmæti samtals kr. 129.500.00.

II. Munir í vörzlu Paul Ragnars Smith í kjallaraherbergi: Húsgögn, bækur, flugmódel, verkfæri, hljómlutningstæki og plötur, hljóðfæri, myndavélar og fylgihlutir, tæki til stækkunar á myndum o. fl.

Mat okkar: Samtals kr. 234.800.00.

Innbú samtals kr. 364.300.00“.

Hinir dómkvöddu matsmenn hafa staðfest matsgerð sína fyrir dómi.

Matsmaðurinn Trausti Thorberg Óskarsson bar fyrir dómi, að þeir matsmennirnir hafi metið verð hinna einstöku hluta, sem metnir voru, og hafi þeir þar reynt að afla sér upplýsinga um verð í þeim tilvikum, sem þeir ekki höfðu verið vissir. Sumt af því, sem metið var, hafi verið metið í heild, og tók matsmaðurinn sem dæmi eldhúsáhöld, en ekki sé auðvelt að meta verð hvers einstaks stykkis í notuðum eldhúsáhöldum og hafi þeir þess vegna tiltekið eina fjárhæð fyrir slíkt verðmæti. Sama sé um hluta af áhöldum til ljósmyndunar, sem verið hafi í pappakassa. Þarna hafi þeir ekki metið verð hverrar einstakrar vöru, sem í pappakassanum var, heldur reynt að finna út verðmæti vörunnar í heild.

Matsmaðurinn var spurður að því, hvort hlutir, sem vitað sé að hafi átt að tilheyra eignum búsin, en ekki hafi fundist á staðnum, þá er matsskoðun fór fram, en það sé sýningarvél og tjald og lúta og ein myndavél, hafi verið metnir og þá í hluta hvors hjónanna munir þessir hafi verið taldir. Matsmaðurinn svar-

aði því, að umræddir hlutir hafi ekki verið metnir, þar sem matsmennirnir hafi ekki séð hluti þessa.

Matsmaðurinn var spurður að því, hvort ekki hefði verið eðlilegra í matsgerðinni, þar sem taldir eru upp munir í vörslu stefnda, að segja þar húsgagn í stað húsgögn. Matsmaðurinn svaraði því, að hann teldi það eðlilegt, að þarna sé talað um húsgögn, þarna hafi verið um að ræða stól, hirslu undir hljómflutnings-tæki og, að því er matsmanninn minnti, líka lampi.

Matsmaðurinn Árni Jónsson sagði, að þeir matsmennirnir hafi hagað mati sínu þannig, að þeir hafi metið verð hvers einstaks hlutar af stórum hlutum búsins, en einstaka smáhluti hafi þeir ekki metið hvern fyrir sig, heldur þá metið safn af hlutum, og tók matsmaðurinn sem dæmi, að ekki hafi þeir metið hverja einstaka bók, heldur bækurnar í heild, skrautmunir og smámunir hafi verið metnir sem heild og sama sé um eldhúsáhöld. Hljómplötur, sem komu í hlut stefnda, hafi einnig verið metnar í heild, en ekki verð hverrar einstakrar plötu. Ekki hafi verið metnir hlutir, sem ekki hafi fundist við matsskoðun, en fram hafi komið, að ætti að vera til í eignum búsins, en það voru sýningarvél, tjald, myndavél og lúta. Þetta hafi matsmennirnir ekki metið, þar sem þeir hafi ekki séð þessa hluti. Matsmaðurinn var spurður um það, hvort ekki væri eðlilegra að tala um húsgagn í stað húsgögn í upptalningu á munum í vörslu stefnda. Matsmaðurinn taldi það eðlilegra að telja þar upp húsgögn, þar sem hann myndi eftir útskornum skrifborðsstól, reykbörði og vinskáp frá vegghúsgögnum.

Fyrir dómi hefur stefnandi borið, að hún hafi viljað sækja um skilnað frá stefnda allt frá 1. júlí 1972 og þess vegna hafi hún játað því, þegar Ólafur Ragnarsson hæstaréttarlögmaður spurði, hvort hann ætti að sækja um skilnað, en Ólafur sé sameiginlegur kunningi þeirra hjóna. En áður en til þess hafi komið, að Ólafur hafi boðið hjónunum að ganga frá lagalegum atriðum varðandi skilnaðinn, hafi stefnandi verið búinn að tala við Brynjólf Kjartansson héraðsdómslögmann, og hafi það verið ætlun hennar, eftir að Ólafur bauðst til að ganga frá málinu, að bera skilnaðarskil-mála undir Brynjólf Kjartansson héraðsdómslögmann, áður en gengið yrði frá málinu. Stefnandi sagði, að henni hefði ekki verið ljóst, að nauðsynlegt væri, að búið væri að ganga frá skiptingu eigna og öðrum skilnaðarkjörum áður og hafi stefnandi reiknað með, að þrátt fyrir að Ólafur Ragnarsson sækti um skilnað, þá mundi hún sjálf undirrita plögg í sambandi við skilnaðinn. Stefn-

andi sagðist halda, að hún hafi gert Ólafi Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni ljóst, að hún væri búin að tala við annan lögfræðing vegna skilnaðarins.

Þau hjónin hafi komið á skrifstofu Ólafs Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns og þar hafi legið frammi uppkast að skilnaðarskilmálum. Stefnandi sagðist ekki vita, hvor hafi gert það uppkast, Ólafur Ragnarsson eða stefndi, en þar hafi verið hærri húsa-leiga en greind er á dskj. nr. 5 og hafi sá liður verið lækkaður að ósk stefnanda. Svo hafi verið ýmis önnur atriði, sem stefnandi vildi fá breytt, en við þeim tilmælum hafi ekki verið orðið. Þau hafi þjarkað eitthvað um þetta og stefnandi hafi talið, að þau hjónin ættu eftir að hittast aftur til að ganga frá þessum málum, enda hafi stefnandi ekki samþykkt það uppkast og ekki skrifað undir það. Uppkast að skilnaðarskilmálum hafi hún aldrei fengið, en henni þyki kjör þau, sem greind eru í skilnaðarskilmálunum á dskj. nr. 5, mjög ósanngjörn.

Stefnandi sagði, að liður V á dskj. nr. 5 mundi vera þannig tilkominn, að þá er hjónin slitu samvistir 1. júlí 1972, hafi maðurinn átt útistandandi laun sín fyrir júnímánuð og sé þarna tekinn helmingur af brúttólaunum mannsins þennan mánuð, en það eigi að koma í hlut konunnar, enda sé henni gert að greiða helming af skuldum. Frá þeim tíma, sem þau hjónin slitu samvistir og þar til gengið var frá skilnaði, hafi maðurinn greitt til konunnar það, sem talið er undir lið VI á dskj. nr. 5, og annað hafi maðurinn ekki lagt til heimilisins.

Innbúi hafi verið skipt og maðurinn hafi tekið það af innbúinu, sem hann taldi tilheyra sér, og hafi maðurinn eitt herbergi í kjallara, sem tilheyri íbúð þeirra hjóna, og þar geymi hann það, sem hann hafi fengið af innbúi þeirra. Konan segir, að maðurinn hafi einn lykla að þessu herbergi.

Þá er konan kom fyrir dóm 6. september sl., kvaðst hún enn búa í íbúð þeirra hjóna með sameiginlegum börnum þeirra. Konan sagði, að maðurinn hafi allan tímann notað bifreið þeirra hjóna og haft afnot af einu herbergi í húsnæði þeirra, en stefnandi sagðist hafa fengið bifreiðina lánaða í eina viku á þessum tíma.

Stefnandi tók fram, að það, hve það var dregið að ganga frá skilnaði, hafi verið að ósk mannsins.

Stefnandi sagðist hafa unnið utan heimilis mestan hluta af sambúðartíma þeirra hjóna, hún hafi minnst unnið síðasta árið, sem þau bjuggu saman. Hún hafi byrjað að vinna sem að-

stoðarstúlka hjá tannlækni 9. september 1972 og þar starfi hún enn. Launin voru að sögn stefnanda, þá er hún kom fyrir dóm 6. september sl., tæpar 24.000 kr. á mánuði fyrir 8 stunda vinnudag. Stefnandi sagðist hafa unnið í ígripavinnu hjá Blómastofu Friðfinns á undanfórnum árum, en á meðan hún var gift, hafi hún unnið, að því er stefnanda minnti, í 3 ár samfleytt við verslun, og minnti stefnanda, að hún hafi hætt þar störfum í nóvember 1970. Eftir þann tíma hafi stefnandi unnið meira í ígripavinnu.

Stefnandi sagði, að frá 1. júlí 1973 hafi hún hvorki verið krafín um húsaleigu vegna íbúðarinnar né hafi hún boðið hana fram, en hún hafi allan tímann frá því í júlí 1972 greitt í hússjóð, það hafi verið kr. 3.180 á mánuði, en á þessu ári hafi það hækkað í kr. 4.200. Greiðslur þessar séu bæði vegna reksturs á húsinu og vegna eignaaukningar.

Þá er stefndi kom fyrir dóm, þar hann, að þá er þau hjónin mættu hjá Ólafi Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni hinn 21. desember, hafi konunni verið mikið kappsmál, að gengið yrði frá skilnaði þeirra. Ólafur hafi verið búinn að eiga mörg samtöl við þau hjón sitt í hvoru lagi og hafi verið búinn að punkta hjá sér upplýsingar um eignir þeirra og skuldir og hafi Ólafur verið með uppkast að skilnaðarskilmálum, þá er þau hjón komu þangað. Stefndi hélt, að það væri uppkastið á dskj. nr. 13. Þau hjónin hafi síðan farið í alla liði uppkastsins og rætt hvern einstakan lið skilmálanna og þeim hafi verið breytt í samræmi við skoðanir þeirra hjóna, þannig að þau hafi orðið sammála um hvern einstakan lið. Svo hafi verið talað um, að Ólafur Ragnarsson gengi frá skilnaðarmálinu, þar sem stefnandi var að fara til foreldra sinna að Ljósafossi og ætlaði að vera þar fram yfir áramót. Hjónin hafi átt langt samtál eftir fundinn hjá Ólafi Ragnarssyni og hafi maðurinn ekki getað fundið annað en konan væri ánægð með þá skilmála, sem samkomulag hafi orðið um. Maðurinn hafi síðan farið 29. desember með Ólafi Ragnarssyni til þess að ganga frá skilnaðarmálinu. Stefndi segir, að hann hafi vitað, að konan hafi haft samband við annan lögmann en Ólaf Ragnarsson. Ekki hafi komið til tals, að konan skyldi bera skilnaðarskilmálana undir þann lögmann. Þau hjónin hafi orðið sammála um að taka tilboði Ólafs um að ganga frá skilnaði þeirra, enda hafi þau hjónin í lok fundarins 21. desember gert upp við Ólaf Ragnarsson vegna þjónustu hans. Hjónin hafi bæði samþykkt víxla og hafi þeir verið jafnháir, en ekki hafi þeir enn verið greiddir.

Stefnda var sýnt dskj. nr. 13 og hann spurður um, hvort hann

þekkti rithönd þess, sem fært hefur inn fæðingardag barnanna, og sagðist stefndi hafa gert það sjálfur og sama sé um dálkinn, sem fært hafi verið inn á vegna bifreiðarinnar. Hjónin hafi verið sammála um að strika út bifreiðarleigu, enda hafi maðurinn einn séð um rekstur bifreiðarinnar og konan öðru hverju fengið hana lánaða. Maðurinn sagðist ekki halda, að hann þekkti neitt af því, sem fært hefur verið inn á dskj. nr. 13 sem rithönd stefnanda.

Stefndi sagði, að hann hafi fengið afnot af kjallaraherbergi, sem fylgi íbúð þeirra hjóna, og þar hafi hann geymt það af innbúi, sem hann hafi fengið í sinn hlut. Að þessu herbergi hafi hann einn lykla. Maðurinn segist ekki gera kröfu til annars af innbúi þeirra hjóna en hann hafi þegar fengið. Það, sem hann hafi fengið af innbúi þeirra hjóna, hafi verið hljómflutningstæki, bækur, módelsmíðataeki, ljósmyndavélar, stóll, sem merktur sé afa mannsins og maðurinn fékk í arf, og annað af tveim málverkum þeirra hjóna. Annað hafi maðurinn ekki fengið af innbúi. Stefndi taldi sjálfur, að verðmæti þess, sem hann fékk, nemi í mesta lagi $\frac{1}{3}$ af heildarverðmæti innbús þeirra hjóna.

Stefndi sagði, að það, sem talið er undir lið VI á dskj. nr. 5, væri það, sem hann hafi greitt til konunnar frá samvistarslitum og þar til gengið var frá skilnaði að borði og sæng. Á þeim tíma hafi konan oft fengið bílinn lánaðan, m. a. til að fara í ferðlag út á land með systkinum sínum.

Stefndi sagði, að þá er konan fór til Kaupmannahafnar með börn þeirra, hafi hann greitt farseðlana og jafnframt látið konuna hafa sem svarar 8.000 kr. ísl. í dönskum kr. í farareyri. Farseðlar þessir hafi kostað 10% af venjulegu farseðlaverði. Það, sem stefndi hafi þarna greitt, hafi hvergi komið fram í skilnaðarskilmálum þeirra hjóna, enda hafi stefndi ekki óskað eftir því, að svo væri gert. Stefndi var spurður að því, hvers vegna svo hafi ekki verið gert, þar sem stefndi telji skv. lið VI á dskj. nr. 5 til skulda hjá konunni kr. 5.516, og segir maðurinn, að þessi fjárhæð sé þannig tilkomin, að Ólafur Ragnarsson hafi verið að gera upp þennan lið, en ekki af því að maðurinn vildi, að allt væri tínt til, enda hafi hann oft látið konuna fá smáfjárhæðir án þess að gera nokkrar kröfur þess vegna.

Bifreiðina R 20215 hafi stefndi keypt notaða frá Þýskalandi. Í febrúar sl. hafi hann látið bifreið þessa upp í bifreiðakaup hjá Fíat-umboðinu og hafi bifreiðin þá verið metin á kr. 280.000. Þá hafi fylgt með í matinu snjódekk og útvarp. Það hafi hvort tveggja tilheyrt bifreiðinni, þegar gengið var frá skilnaði þeirra hjóna,

en þegar stefndi hafi spurt á bílasölu um væntanlegt verð bifreiðarinnar og fengið uppgefið kr. 230.000, sbr. dskj. nr. 5, þá hafi hvorki verið reiknað með snjódekkjum né útvarpi.

Það, sem segi í 3. lið á dskj. nr. 5 um skatt á kr. 121.003, hafi verið skattskuld bús þeirra hjóna og hafi þau hjónin verið sam-mála um, að þessi skuld skyldi skiptast til helminga á milli þeirra. Þá er skattframtal skyldi gera í janúar sl., hafi Ólafur Ragnarson gert framtal fyrir þau hjónin og bent þeim á, að hagkvæmara væri fyrir þau að telja fram saman og hafi þau hjónin samþykkt það. Maðurinn segist sjálfur hafa greitt einn upp í skatta á þessu ári og ekki krafði konuna um hennar hluta, en hann hafi reiknað með, að skattar og aðrar skuldir þeirra hjóna skyldu gerast upp við íbúðarsölu.

Stefndi sagðist hafa greitt allt það, sem honum hafi borið að greiða skv. IV. b lið á dskj. nr. 5, nema afborgun til veðdeildar Landsbankans, sem greiða átti 1. maí sl., og átti maðurinn að greiða kr. 15.000. Þetta hafi maðurinn ekki greitt og tók fram, að honum hafi þá verið ljóst, að konan ætlaði ekki að rýma íbúðina á tilsettum tíma. Maðurinn hafi verið illa stæður fjárhagslega, enda hafi hann einn borgað skatta þeirra hjóna, og ekki talið óeðlilegt, að konan greiddi þetta sjálf, og hefði þetta þá getað komið upp í skattgreiðslu.

Konan hafi greitt í hússjóð frá samvistarslitum og hingað til utan eina eða tvær greiðslur, sem maðurinn hafi innt af hendi.

Stefndi sagði, að hann ynni sem ljósmyndari hjá varnarliðinu í Keflavík. Stefndi tók fram, að eftir að þau hjón slitu samvistir, hafi hann verið atvinnulaus í tvo mánuði, síðan hafi hann haft kr. 27.000 á mánuði í laun í nóvember, desember og janúar sl., en í febrúar sl. hafi hann hafið starf það, sem hann nú hafi.

Stefndi tók fram, að eins og sjá megi á dskj. nr. 13, þá hafi staðið í uppkastinu „maðurinn greiði konu í lífeyri í eitt ár kr.

á mán. . .“. Þessi setning hafi verið strikuð út að tillögu konunnar. Hún hafi lýst því yfir, að hún vildi ekki lífeyri og vegna þess þá hafi sú húsaleiga, sem konunni var gert að greiða, verið lækkuð.

Hinn 26. september sl. kom stefnandi fyrir dóm að nýju. Var henni þá kynnt úr framburði mannsins frá 14. s. m. um það, sem hann sagðist hafa fengið úr innbúi þeirra hjóna, og sagði konan, að þetta væri rétt, sem maðurinn hafi talið upp, þar fyrir utan hafi maðurinn fengið nokkra smáhluti. Stefnandi taldi, að stefndi hafi

fengið mikið meira en $\frac{1}{3}$ af heildarverðmæti innbús þeirra hjóna.

Það eina, sem stefnandi hafi fengið bíl þeirra hjóna lánaðan frá samvistarslitum og þar til gengið var frá skilnaði, hafi verið í rúma viku, en þá hafi hún farið í ferðalag í bílnum með systkinum sínum. Konan sagði, þá er hún kom í seinna skiptið fyrir dóm, að Ólafur Ragnarsson hafi verið búinn að gera þeim hjónum ljóst, að áður en gengið yrði frá skilnaði að borði og sæng, þá yrðu þau hjónin að vera búin að koma sér saman um eignaskipti.

Á fundinum 21. desember þá hafi Ólafur verið búinn að punkta hjá sér upplýsingar um eignir þeirra og skuldir, og hélt stefnandi, að dskj. nr. 13 hafi þá legið frammi. Þau hjónin hafi þá rætt hina einstöku liði í lengri tíma, og taldi stefnandi, að ekkert samkomulag hefði náðst. Stefnandi hafi mótmælt verðlagningu bifreiðarinnar og talið hana of lágt metna. Stefnandi segist hafa verið tilbúin að falla frá kröfu um bifreiðarleigu, en að því tilskyldu, að hún þyrfti ekki að greiða húsaleigu, en stefnandi hafi staðið föst á því að þurfa ekki að greiða húsaleigu og hvorki hafi hún samþykkt kr. 55.000 né kr. 34.500. Stefnandi hélt, að það væri rithönd stefnda, sem er á kr. 34.500 á bls. 2 á dskj. nr. 13. Stefnandi sagði, að vegna liðs a 3 á dskj. nr. 13 að fasteignaskatta hafi hún sjálf greitt eftir samvistarslit og hafi maðurinn ekkert borgað í því.

Stefnandi sagði, að þá er hún fór af skrifstofu Ólafs Ragnarssonar, þá hafi ekki verið búið að strika út setninguna „maðurinn greiði konunni lífeyri í eitt ár, kr. á mánuði ...“, enda hafi konan aldrei fallið frá kröfu sinni um lífeyri og það sé rangt, sem fram komi hjá stefnda, að hún hafi lýst því yfir, að hún vildi ekki lífeyri. Þarna á fundinum hjá Ólafi muni hún hafa sagt, að það mundi kannski enda með því, að hún þyrfti að borga með mannum. Stefnandi sagði, að hún hafi fyrst gert kröfu um kr. 10.000 á mánuði í lífeyri, í samkomulagsskyni hafi hún lækkað fjárhæð þessa niður í kr. 7.000 og svo niður í kr. 5.000, en maðurinn hafi alltaf neitað að greiða lífeyri, en hún hafi aldrei fallið frá kröfu sinni. Maðurinn hafi aldrei fallið frá kröfu sinni um húsaleigu, en konan segist aldrei hafa samþykkt að greiða húsaleigu. Konan hafi neitað uppástungu um, að hún félli frá lífeyriskröfu gegn því að húsaleiga væri lækkuð.

Stefnandi sagði vegna skattanna, að hún hafi ekki verið því kunnug, hvernig ganga ætti frá svona málum, en hún hafi talið

eðlilegt, að hún tæki að sér helming af skuldum búsins, en henni hafi fundist eðlilegra, að miðað væri við þann tíma, þá er þau hjónin fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng, en stefndi og Ólafur Ragnarsson hafi viljað miða við 1. júlí 1972 eða samvistar-slit.

Stefnandi sagði, að þá er hún fór af fundinum hjá Ólafi Ragnarsyni, þá hafi ekki verið orðið samkomulag og hún hafi ekki falið Ólafi Ragnarsyni að ganga frá skilnaðarmálinu á grundvelli uppkastsins, en hún hafi reiknað með, að hann mundi semja nýja skilnaðarskilmála og bera undir hjónin. Konan hafi óskað eftir því að fá dskj. nr. 13 með sér heim, en það hafi hún ekki fengið. Stefnandi sagði, að það sé rétt, að hún hafi haft áhuga á, að gengið yrði frá skilnaðarmálinu í langan tíma, áður en það var gert, en áramót hafi ekki skipt neinu máli í því sambandi og hafi henni ekki verið þetta meira kappsmál á þessum tíma heldur t. d. í nóvember.

Stefnandi sagði, að þá er hún samþykkti víxilinn, sem Ólafur Ragnarsson rétti henni til samþykktar, þá hafi hún talið sig vera að samþykkja víxil til tryggingar greiðslu til Ólafs fyrir það, að hann mundi ganga frá skilnaðarskilmálum þeirra hjóna, en ekki talið Ólaf hafa lokið störfum. Stefnandi tók fram, að hún telji eðlilegt að bjóða lögmanni greiðslu, þá er hann byrjar starf, en ekki þurfi að bíða, þar til störfum sé lokið. Stefnandi sagði, að sér væri ókunnugt um, hve mikið lögmenntækju fyrir vinnu sína, hvort þeir tækju 3, 5 eða 10% af eignum þeim, sem þeir skipti, það viti hún ekki, en Ólafur hafi sagt, þegar hann lét þau hjónin fá þessa tvo víxla til samþykktar, að fjárhæð kr. 13.500 hvorn, að hann miðaði þóknun sína við einhverjar prósentur af heildareign búsins, en henni sé þetta það óljóst, að Ólafur hafi þess vegna getað krafist hana um meira, þó hún hafi ekki reiknað með því. Henni hafi fundist kr. 27.000 nokkuð há greiðsla, en samt látið það vera, þar sem henni hafi verið ljóst, að þetta mál var búið að taka töluverðan tíma frá Ólafi.

Stefnandi sagðist hafa farið að Ljósafossi 24. desember til foreldra sinna og börnin hafi verið farin þangað eitthvað áður. Fyrir jól hafi hún verið að vinna í Blómastofu Friðfinns og það hafi þeir stefndi og Ólafur vitað og kannski mátt vera ljóst, að hún mundi líka vinna þar fyrir áramót, allavega hafi hún ekki sagt þeim, að hún yrði fjarverandi úr bænum fram yfir áramót. Hún hafi verið í bænum 29. desember og svo hafi hún verið að vinna í Blómastofunni 30. og 31. desember og svo farið austur að Ljósa-

fossi eftir hádegi á gamlársdag. Stefnandi sagði, að henni hafi orðið ljóst, að búið var að veita þeim hjónum leyfi til skilnaðar að borði og sæng, þá er hún fékk skilnaðarleyfisbréfið sent í pósti frá Ólafi Ragnarssyni, og hélt stefnandi, að það hefði verið um miðjan janúar, en á tímanum frá 21. desember og þar til hún fékk leyfisbréfið hafi hún ekkert talað við þá Ólaf Ragnarsson og stefnda. Að vísu hafi hún hitt Ólaf Ragnarsson á aðfangadag, en þau hafi ekkert talað um þessi mál.

Stefnandi sagði, að þá er hún kom í bæinn eftir áramót, hafi hún haft samband við Brynjólf Kjartansson og beðið hann um að líta á uppkastið á dskj. nr. 13 á skrifstofunni hjá Ólafi, en Ólafur muni hafa verið lítið við á þessum tíma, þar sem hann hafi verið að taka próf.

Ólafur Ragnarsson hæstaréttarlögmaður kom fyrir dóm til yfirheyrslu vegna máls þessa og sagði, að stefndi og kona vitnisins séu systkin og sé vitnið og málsaðiljar heimilisvinir. Ólafur Ragnarsson sagðist hafa átt mörg viðtöl vegna skilnaðarins. Konan hafi viljað skilja og maðurinn hafi farið að heiman, að því er Ólafur minnti 1. júlí 1972. Ólafur Ragnarsson sagðist undanfarin ár hafa talið fram til skatts fyrir hjónin og hafi hann verið reiðu-búinn að ganga frá skilnaðarmáli þeirra hjóna, að því tilskildu, að fullt samkomulag yrði um skilnaðarkjör. Næðist ekki samkomulag, hafi hann ekki viljað hafa afskipti af málinu. Hafi hann gert báðum hjónunum ljóst, að hann mundi áskilja sér þóknun fyrir störf sín vegna máls þessa. Hjónin hafi komið nokkrum sinnum sitt í hvoru lagi til hans og hafi þar talið upp eignir og skuldir, en það, sem alltaf hafi valdið ágreiningi, hafi verið lífeyrir til konu. Konan hafi viljað lífeyri, en maðurinn ekki viljað greiða lífeyri. Ólafur Ragnarsson sagðist hafa stungið upp á kr. 15.000—20.000 á mánuði í lífeyri í eitt ár og hafa sagt þeim hjónum, að lífeyrir til konu sé vanalegur, en ekki lögbundinn. Hjónin hafi bæði verið sammála um að skipta eignum og skuldum til helminga.

Skilnaður hafi verið dreginn að ósk mannsins, en konan hafi ítrekað óskað eftir því, að frá málinu yrði gengið, og í desember 1972 hafi verið ákveðið að ganga frá þessu. Hinn 21. desember 1972 hafi bæði hjónin komið á skrifstofu lögmannsins og þá hafi vitnið haft tilbúið uppkast að skilnaðarskilmálum. Hjónin hafi lengi rætt um einstaka liði uppkastsins og hafi verið einar 3 klst. á skrifstofu lögmannsins. Lögmaðurinn sýndi uppkastið með þeim útstrikunum og breytingum, sem þau hjónin gerðu á því

þarna hinn 21. desember 1972. Þarna hafi einnig orðið samkomulag um að fella niður lífeyrisgreiðslur til konu og muni sú ákvörðun hafa byggst á þeim breytingum, sem hjónin gerðu á uppkastinu. Hjónin hafi verið sammála um, að lögmaðurinn skyldi ganga frá vélritun á skilnaðarskilmálum í samræmi við uppkastið, eins og það var orðið eftir breytingarnar, og síðar skyldi lögmaðurinn ganga frá skilnaðarmálinu hjá borgardómaraembættinu fyrir áramótin 1972—1973. Lögmaðurinn sagðist sjálfur hafa skrifað síðustu málsgrein uppkastsins, að samkomulag væri um, að lífeyrir konu falli niður, en þetta hafi hann skrifað að báðum hjónum viðstöddum og með samþykki þeirra beggja. Dagsetninguna 29. desember 1972 hafi vitnið skrifað síðar, þá er vélrita skyldi skilnaðarskilmálana. Lögmaðurinn sagðist vera viss um, að hjónin hefðu bæði verið sammála um skilmála þá, sem greindir eru á dskj. nr. 5. Á fundinum 21. desember 1972 hafi hjónin samþykkt sinn hvorn víxilinn, að fjárhæð kr. 13.000 hvorn. Víxlar þessir hafi verið ódagsettir og skyldu vera greiðsla til lögmannsins fyrir lögmannsstörf hans, en lögmaðurinn hafi ekki innheimt víxla þessa.

Lögmaðurinn sagði, að honum hafi verið kunnugt, að konan hafi leitað til annars lögmanns vegna skilnaðarins, og hafi hann vitað, hvaða lögmaður það var, en ekki talið nauðsynlegt og ekki haft orð á því, að konan skyldi bera skilmálana undir hinn lögmanninn, enda hafi konan verið mikið að vinna þennan tíma og konan hafi virst ánægð, meðan gengið hafi verið frá málinu.

Hjónunum hafi verið ljóst, að ekki væri hægt að ganga frá leyfi til skilnaðar að borði og sæng, nema búíð væri að ganga frá eignaskiptum, og þess vegna hafi hjónin komið til lögmannsins 21. desember 1972. Þarna hafi orðið samkomulag um skilnaðarskilmála og jafnframt um það, að vitnið skyldi ganga frá skilnaðarmálinu hjá borgardómaraembættinu fyrir áramót 1972—1973. Konan hafi ekki verið komin í bæinn fyrir áramót og þess vegna hafi lögmaðurinn gengið frá skilnaðarmálinu og skrifað undir skilnaðarskilmála, en konan hafi óskað eftir því að frá málinu yrði gengið fyrir áramót.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að stefnandi telji sig aldrei hafa gefið Ólafi Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni eða nokkrum öðrum umboð til þess að undirrita skilmálana á dskj. nr. 5. Enda þótt Ólafur Ragnarsson hæstaréttarlögmaður verði talinn hafa haft umboð til þess að undirrita dskj. nr. 5, sé samningurinn bersýnilega ósanngjarn í garð stefnanda og

verði honum því hnekkkt með dómi, sbr. 59. gr. laga nr. 39 frá 1921. Verði þetta augljóst, þegar litið sé til þess, að stefnanda sé ekki ætlaður neinn lífeyrir, þrátt fyrir það að hún hafi tvö börn á framfæri sínu, en slíkt hljóti að hafa mikla röskun í för með sér. Því sé ekki að heilsa, að stefndi hafi bætt henni þetta upp með ríflegu meðlagi með börnunum, en í skilmálanum sé aðeins ákveðið, að stefndi skuli greiða með börnunum meðlag, eins og það sé ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma. Þá sé því ekki að heilsa, að maðurinn axli meiri skuldabyrðar en konan til þess að vega upp á móti þessu, heldur sé konan látin borga opinber gjöld til jafns við manninn. Jafnframt sé svo stefnandi látinn greiða stefnda húsaleigu frá 1. júlí 1972 til 1. júní 1973, þrátt fyrir það að skilnaður hafi verið dreginn að eindreginni ósk stefnda. Enn fremur er þess getið, að maðurinn hafi haft afnot af bíl þeirra hjóna frá 1. júlí 1972, en hafi ekki gert sérreikning fyrir afnotin.

Stefndi hafi verið í lífeyrissjóði flugvirkja og hafi á undanfórnum árum varið miklu af sameiginlegum fjármunum til kaupa á lífeyrisréttindum þar. Það sé tvímælalaust, að stefnanda beri að fá að óskiptu andvirði helmings þeirra réttinda, en réttindi þessi hafi alls ekki verið dregin undir skiptin.

Við munnlegan málflutning voru kröfur stefnanda rökstuddar með því, að Ólafur Ragnarsson hæstaréttarlögmaður hafi ekki haft umboð til þess að undirrita skilnaðarskilmála á dskj. nr. 5 fyrir stefnanda. Stöðuumboð lögmanna sé einungis stöðuumboð fyrir dómi og hafi því Ólafur Ragnarsson hæstaréttarlögmaður ekki haft stöðuumboð til þess að undirrita skilnaðarskilmálana.

Ónaðsynlegt sé að stefna Ólafi Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni inn í mál þetta, honum sé kunnugt um mál þetta, hann hafi komið fyrir dóm vegna málsins. Framburðir þeirra stefnda og Ólafs Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns sýni, að þeir hafi báðir hagsmuni af því, að skilnaðarsamningurinn sé metinn gildur.

Um frekari rökstuðning fyrir fullyrðingum sínum um umboðsskort Ólafs Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns vísaði lögmaður stefnanda til laga nr. 7 frá 1936.

Ólafi Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni hafi borið að sýna stefnanda samninginn og láta hana undirrita samninginn. Stefnandi hafi viljað skilja við mann sinn, en þrátt fyrir það ekki viljað láta féfletta sig.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að verði ekki fallist á umboðsskort Ólafs Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns,

þá sé samningurinn svo bersýnilega ósanngjarn, að ógilda beri hann samkvæmt 59. gr. laga nr. 39 frá 1921. Fullyrðingar af hálfu stefnanda um ósanngirni samningsins á dskj. nr. 5 voru rökstuddar með vísan til eftirfarandi ákvæða samningsins:

- I. Þar sé bifreiðin talin á kr. 230.000. Stefndi hafi viðurkennt að hafa lagt bifreiðina inn til Fíatumboðsins á kr. 280.000. Bifreiðumboð greiði almennt lágt verð fyrir bifreiðar. Þetta hafi verið staðgreiðsluverð. En þessar kr. 115.000 ætli stefndi að greiða við sölu íbúðarinnar 1. júní 1973 eða fá 11 mánaða greiðslufrest.
- II. Varðandi þennan lið er vísað til matsgerðarinnar á dskj. nr. 18.
- III. Vegna þessa liðar er því haldið fram, að ef ákvæði hans teljist eðlilegt, þá hljóti konan að eiga að fá lífeyri.
- IV. Vegna þessa liðar er vísað til 7. gr. laga nr. 20 frá 1923.

Jafnframt var á það bent, að samkvæmt skilnaðarskilmálanum á dskj. nr. 5 sé ætlast til, að konan leggi út fyrir hússjóð. Enn fremur að samkvæmt skilnaðarskilmálanum ætli stefndi ekki að greiða vexti af skuld sinni samkvæmt skilmálanum.

Því var haldið fram af hálfu stefnanda, að meginregla sé, að í skilnaðarskilmálum skuli greint, að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt. Meginregla sé, að maður greiði fráskilinni konu sinni lífeyri, ef börn eru í hjónabandi. Í barnlausum hjónaböndum muni almennt ekki vera um lífeyrisgreiðslur að ræða.

Í þessu tilviki eigi konan samkvæmt skilnaðarskilmálanum að greiða allt til jafns við manninn, greiða manninum húsaleigu, hún hafi börnin, en fái engan lífeyri.

Varðandi málskostnað var af hálfu stefnanda á það bent, að mjög oft væri búið að mæta á sáttafundum vegna máls þessa. Jafnframt var vakin athygli á sáttakostnaði, kostnaði vegna matsbeiðni og svo matskostnaði.

Af hálfu stefnda eru kröfur rökstuddar með því, að stefnandi hafi falið Ólafi Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni að ganga frá skilnaði fyrir sig og hafi hann því mætt fyrir hana hjá fulltrúa yfirborgardómara og þegar því sé haldið fram, að umboð skorti, sé það alveg út í hött og mætti eins vel rengja umboð stefnda til varnar og lögmanns stefnanda til sóknar.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að samningurinn á dskj. nr. 5 sé „bersýnilega ósanngjarn“ í garð stefnanda, og er það rökstutt með eftirfarandi:

1. Bifreiðin hafi verið metin og hún komið í hlut stefnda, en

hann greiði helming andvirðis. Með því sé maðurinn búinn að kaupa bifreiðina og sé því fráleitt að ætla að krefja jafnframt um afnot fyrir hana.

2. Innbú sé allt í vörslu stefnanda, ómetið, og hafi ekki verið gerð krafa til hluta stefnda, og hafi ekki staðið til. Þó sé rétt, ef meta eigi sanngirni eignaskiptingar, að innbú verði metið.
3. Skattar hafi verið í skuld og sé mjög eðlilegt, að skuldir séu dregnar frá brúttóeignum og aðferð sú, sem notuð sé þarna, leiði til sömu niðurstöðu.
4. Íbúðina, sem konan býi í þann 11. maí 1973, eigi að rýma 1. júní 1973 og eigi þá að skipta andvirði hennar að jöfnu, þ. e. nettóandvirði.

Húsaleiga 1. júlí 1972—1. júní 1973 sé þannig reiknuð, að upplýsingar hafi verið fengnar um leigukjör á sambærilegum íbúðum, og hafi lágmarksleiga verið ákveðin eftir þeim upplýsingum, eða kr. 12.000 pr. mán. Stefnandi hefði samkvæmt því átt að greiða stefnda húsaleigu kr. 72.000, en hafi aðeins verið reiknuð kr. 34.500 í húsaleigu.

Mismunur hafi verið felldur niður með tilliti til lífeyris frá 1. janúar 1973.

Um símakostnað og fasteignaskatt taki ekki að fjölyrða. Uppgjör við húsfélag sé ákveðið svo og afborganir og vextir vegna fasteignar.

V. Þarna sé uppfærður helmingur af brúttólaunum, hefði átt að vera nettólaun, eða 12.000 kr. minna miðað við helming.

VI. Skýri sig sjálf.

Einnig er því haldið fram, að bæði stefnandi og stefndi séu í lífeyrissjóðum og sé líklegt, að sá þáttur sé nokkuð jafn.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki sé rétt, að maður greiði konu lífeyri í öllum tilvikum. Í þessu máli hafi verið lagt fram skjal um launatekjur stefnda, sbr. dskj. nr. 9, en ekki liggi fyrir upplýsingar um tekjur stefnanda.

Að öllu þessu athuguðu sé ekki hægt að sjá, að skilmálarnir á dskj. nr. 5 séu ósanngjarnir, og sé riftun því ástæðulaus.

Þegar gengið var frá skilnaðarskilmálum, þá hafi stefndi haft kr. 27.000 á mánuði í laun, en stefnandi kr. 24.000 á mánuði fyrir aðalstarf, en hún hafi haft kr. 3.000 á mánuði í laun fyrir aukavinnu.

Stefndi hafi greitt alla skatta, álagða 1973, og hafi ekki verið gerð krafa um, að þeim verði skipt.

Af hálfu stefnda var því haldið fram, að mat á innbúi væri hlutdrægt, ósanngjarnt og furðulegt. Það, sem upp sé talið í hlut stefnanda, sýni, að fjárhæðin kr. 129.500 sé hlægileg. Matið fari fram í febrúar 1974, hjónin hafi slitið samvistir í júlí 1972. Miða verði við ástand innbúsins eins og það hafi verið, þegar gengið var frá skilnaði. Þegar dæma eigi um það, hvort skilnaðarskilmálarnir séu ósanngjarnir eða ekki, þá verði að miða við ástandið eins og það hafi verið, þegar gengið var frá skilnaði, en þá hafi stefndi haft lág laun.

Fram er komið, að stefnandi og stefndi hafa falið lögmanninum Ólafi Ragnarssyni að ganga frá hjónaskilnaði þeirra. Jafnframt að við fyrirtöku hjónaskilnaðarmálsins, þá mætti lögmaðurinn f. h. konunnar með manningnum, og lögðu þeir þá fram samning um skilnaðarskilmála, dags. 29. des. 1972, undirritaðan af stefnda og lögmanninum Ólafi Ragnarssyni f. h. stefnanda. Ekki verður talið, að undirritun samnings um skilnaðarskilmála sé innan stöðumboðs lögmannna, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7 frá 1936 og 4. gr. laga nr. 61 frá 1942.

Þegar litið er til þess, sem að framan hefur verið rakið úr framburðum þeirra málsaðilja, og svo framburðar Ólafs Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns um fund þeirra málsaðilja á skrifstofu lögmannsins hinn 21. des. 1972, þá þykir ósannað, að lögmaðurinn hafi farið út fyrir umboð sitt, þá er hann gekk frá hjónaskilnaðarmáli stefnanda. Ekkert er fram komið um, að stefnda hafi mátt vera ljóst, að lögmaðurinn hefði ekki umboð til þess að ganga frá skilnaðarsamningi fyrir stefnanda. Hér er og á það að líta, að máli þessu er einungis beint gegn stefnda, en það er ekki stefnda að sanna umboð lögmannsins, sbr. 25. gr. laga nr. 7 frá 1936.

Með vísan til framanritaðs verður ekki fallist á kröfu stefnanda um riftun vegna umboðsskorts.

Þá er leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng var gefið út fyrir aðilja máls þessa hinn 29. des. 1972, giltu um stofnun og slit hjúskapar lög nr. 39 frá 1921. 59. gr. þeirra laga heimilar því hjóna, sem þykir á sig hallað við samning um skilnaðarkjör, að stefna hinu fyrir dóm og fá samningnum hrundið, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði að borði og sæng. Mál þetta er höfðað innan tilskilins frests.

Skilnaðarskilmálarnir, sem krafist er riftunar á, fjalla um skiptingu eigna og skulda þeirra málsaðilja. Jafnframt er í skilmálunum fjallað um meðlagsgreiðslur með börnum aðilja til 31.

desember 1972 og tekið fram, að samkomulag sé um, að lífeyrir fyrir konuna falli niður. Í leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng er ákvæði um, að konan hafi forræði barna þeirra hjóna og jafnframt að maðurinn greiði með þeim meðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, frá 1. jan. 1973 til 17 ára aldurs hvors barns.

Það kom fram við munnlegan málflutning, að íbúð þeirra hjóna hafði verið seld 15. febrúar 1974 og nettóandvirði hennar hafi verið skipt jafnt á milli hjónanna og jafnframt að íbúðina ætti að rýma fyrir 15. maí 1974.

Samkvæmt skilnaðarskilmálunum skyldi konan rýma íbúðina 1. júní 1973 og greiða kr. 34.500 í húsaleigu á tímabilinu 1. júlí 1972 til 1. júní 1973, eða kr. 3.136 á mánuði í 11 mánuði. Það ber að hafa í huga við þennan útreikning, að 6 af þessum umsömdu 11 mánuðum voru málsaðiljar í hjónabandi. Viðurkennt er af stefnda, að skilnaður hafi verið dreginn að hans ósk. Telja verður óeðlilegt, að það hjóna, sem hefur sameiginleg börn hjónanna á framfæri sínu, greiði hinu hjóna húsaleigu fyrir íbúðarhúsnæði, á meðan hjúskapur stendur og hjón hafa enn óslitið fjárfélag. Séu þessi sjónarmið höfð í huga, þá gerir hin umsamda húsaleiga kr. 34.500 til 1. júní 1973, kr. 6.900 á mánuði.

Samkvæmt skilnaðarskilmálunum skiptust skattar og aðrar skuldir til helminga.

Fram er komið, að bifreið búsins fékk stefndi í sinn hlut og skyldi samkvæmt skilnaðarskilmálum greiða stefnanda þess vegna kr. 115.000. Bifreiðina seldi stefndi nokkru síðar á kr. 280.000.

Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna fékk stefndi í sinn hlut við búskipti af innbúi muni að verðmæti kr. 234.800, en stefnandi muni að verðmæti kr. 129.500.

Stefnandi kvaðst hafa hafið störf sem aðstoðarstúlka hjá skóla-tannlækni Reykjavíkurborgar í sept. 1972, og sagði hún í sept. 1973, að laun hennar væru á mánuði kr. 24.000. Eftir 1. júlí 1973 kvaðst stefnandi ekki hafa unnið aukavinnu. Ekki er upplýst um núverandi laun stefnanda.

Því er haldið fram af stefnda, að hann hafi verið atvinnulaus í tvo mánuði, eftir að þau slitu samvistir á árinu 1972, en í nóv. og des. 1972 og í jan. 1973 hafi laun stefnda verið kr. 27.000 á mánuði, en í febrúar hafi stefndi hafið starf það, sem hann nú hafi. Samkvæmt dskj. nr. 9 þá virðast laun stefnda hinn 3. janúar 1973 hafa verið kr. 34.489. Ekki er upplýst um núverandi laun stefnda.

Samkvæmt skattframtali málsaðilja frá árinu 1973 voru tekjur stefnanda á árinu 1972 kr. 100.834, en tekjur stefnda á sama tíma kr. 519.900.20. Eftir því, sem að ofan er rakið, virðast tekjur stefnda fyrstu 8 mánuði ársins 1972 hafa verið kr. 465.900.

Þegar litið er til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, en það er: Andvirði fasteignar var skipt jafnt, skuldum og sköttum búsin skipt jafnt, stefndi fékk verðmætari hluta innbúsins en stefnandi og bifreið búsin á lægra verði en bifreiðin var síðan seld á, stefnandi skyldi greiða stefnda húsaleigu og stefnandi skyldi ekki fá lífeyri, þá þykja skilnaðarskilmálarnir á dskj. nr. 5 vera þess eðlis, að þeim verði hrundið samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 39 frá 1921. Það álit styrkist enn við það, að samkvæmt leyfisbréfinu á dskj. nr. 4, sem líta verður á sem hluta af skilnaðarskilmálunum, þá skuldbatt stefndi sig til að greiða meðlag með börnunum, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, en það er lægsta meðlag, sem leyflegt er að ákveða skv. 29. gr. laga nr. 57 frá 1921, sbr. 8. gr., 3. mgr., laga nr. 87 frá 1947.

Niðurstaða málsins verður því samkvæmt ofanrituðu, að krafa stefnanda um riftun skilnaðarskilmálanna er tekin til greina.

Samkvæmt 177. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað. Lögmenn aðilja hafa ekki lagt fram málskostnaðarreikning. Eftir atvikum telst málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, hæfilega ákveðinn kr. 71.450 og greiði stefndi þá fjárhæð í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda af rekstri máls þessa, kr. 71.450, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda kr. 60.000 í talsmannslaun.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Krafa stefnanda, Írisar Guðnadóttur, um riftun skilnaðarskilmála, sem lagðir voru fram við umsókn stefnanda um skilnað að borði og sæng við stefnda, Paul R. Smith, hinn 29. desember 1972, er tekin til greina.

Stefndi greiði kr. 71.450 í málskostnað, er renni í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda af rekstri máls þessa, kr. 71.450, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin talsmannslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, kr. 60.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga að viðlagðri aðför að lögum.